

mannahöfn og skyldu leyfishafendur hafa fullnægt skyldum þeim, er leyfisbrjefið um getur, innan 30. septbr. þ. á. Með því að það er fyrirsjáanlegt, að hinn umgetni hlutafjeldagsbanki verður eigi settur á stofn innan hins ákvæðna frests, en það á hinn bóginn er óumflýjanlegt, að eitthvað sje gert til að bæta úr hinum mikla peningaskorti hjer í landinu, hefir alþingi samþykkt áðurgreind lög um, að, verði ekki af því að hinn umgetni hlutafjeldagsbanki verði stofnaður innan 1. oktbr. þ. á., skuli landsbankanum í Reykjavík vera heimilt að stofna seðla-deild, er gefa má út allt að 1 miljón króna í seðlum, er greiðist handhafa í gullmynt, og að öðru leyti með skilyrðum þeim, sem tekin eru fram í áðurnefndum lögum frá 7. júní f. á. § 4—7.

1

Með því að jeg verð að vera alþingi sammála um það, að gera verði svo fljótt sem hægt er ráðstafanir til þess að bæta úr peningaskortinum hjer í landinu, og með því að lík-lega er ekkert að athuga við ákvæði laganna, sem eru sniðin eptir optnefndum lögum frá 7. júní f. á. og lögum 19. septbr. 1885 um stofnun landsbanka, leyfi jeg mjer að mæla með því að leitað verði allrahæstrar staðfestingar á umrædd lög.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vestur-
amtinu um flutning þingstaðar.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amt-
maður, í brjefi, dagsettu 2. þ. m., meðmælum hlutadeigandi sýslumanns og beiðni
hreppsnefndarinnar í Dyrhólahreppi í Vesturskaptafellssýslu, vil jeg hjer með
veita samþykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Vatns-
skarðshólum á Skeiðflöt, með því skilyrði að hreppsnefndin annist um að til
verði hæflegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

2

30. jan.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur-
amtinu um greiðslu á ómagameðlagi.** — Amtmaðurinn yfir Suduramt-
inu og Vesturamtinu hefir skotið til mín ágreiningi milli hreppsnefndarinnar í
Andakilshreppi og bæjarstjórnarinnar á Akureyri um meðlag með óskilgetnu
barni Þuríðar Gísladóttur, sem nú er gipt Eml nokkrum Petersen þurfalangi
Akureyrarkaupstaðar. Hvorki bæjarfógetinn á Akureyri og sýslumaðurinn í
Mýra- og Borgarfjarðarsýslu nje þið amtmennirnir hafið getað komið ykkur sam-
an um úrslit máls þessa.

3

30. jan.

Barn þetta, sem fætt er 15. maí 1891, hefir verið á sveitarframfæri í
nefndum hreppi gegn 60 kr. meðlagi um árið, eptir því sem virðist, samkvæmt
skjölum málsins, með samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Meðlag þetta var
goldið þannig frá 15. nóvember 1899 til 15. nóvbr. 1901: frá föðurnum Sigurði
Jónssyni eða framfærslusveit hans Lundarreykjadalshreppi 45 kr., samkvæmt úr-
skurði amtmanns yfir Suduramtinu og Vesturamtinu 19. septbr. 1900, en af bæj-
arsjóði Akureyrar 15 kr. En með nýjum úrskurði 8. ágúst 1901 færði nefndur
amtmaður niður fúlgu þá, sem fadirinn eða framfærslusveit hans greiða skyldi,
í 35 kr. um árið frá 15. nóvbr. 1901 að telja, eptir að hafa fengið upplýsingar